

Síldarvinnslan hf. Samfélagsskýrsla 2025



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Um skýrsluna	6
Helstu áfangar	9
Síldarvinnslan og stjórnarhættir	11
Síldarvinnslan og samfélagið	32
Síldarvinnslan og umhverfið	45



Ávarp forstjóra

Árið 2025 var eitt besta rekstrarár í sögu Síldarvinnslunnar og einkenndist af góðum aflabrögðum í bæði uppsjávar- tegundum og bolfiski, sterkum mörkuðum og jafnvægi í rekstri samstæðunnar.

Samfélagsskýrsla Síldarvinnslunnar er nú gefin út í sjöunda sinn. Meginumfjöllunarefni skýrslunnar eru ýmsir ófjárhagslegir þættir í starfsemi félagsins og dótturfélaga þess. Markmiðið með skýrslunni er mikilvægt, þ.e. að stuðla að auknu gagnsæi og segja frá því hvernig starfsemi félagsins hefur áhrif á umhverfi og samfélög. Í skýrslunni má einnig finna greinargóða umfjöllun um stjórnskipulag og stjórnarhætti Síldarvinnslunnar.

Afkoma samstæðunnar var traust þrátt fyrir þær áskoranir sem sjávarútvegur stendur ávallt frammi fyrir. Sveiflur í hráefnisframboði, markaðsaðstæður og ytri rekstrarskilyrði eru ávallt mikilvægir þættir sem hafa áhrif á starfsemi okkar og þeirra samfélaga sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Vel tókst til árið 2025.



Sem fyrr segir gengu uppsjávarveiðar vel á árinu og markaðs- aðstæður fyrir þær afurðir voru almennt hagstæðar. Veiðar á kolmunna og makríl voru umfangsmiklar og nýting aflaheimilda góð. Síldveiðar gengu einnig vel og almennt má segja að uppsjávarhluti rekstrarins hafi staðið traustum fótum. Sterkir markaðir fyrir fiskimjöl og lýsi höfðu einnig jákvæð áhrif á reksturinn.

Á undanförnum árum hefur verið ráðist í umfangsmiklar fjárfestingar í fiskimjöls- og lýsisframleiðslu í Neskaupstað sem hafa aukið afköst og styrkt stöðu fyrirtækisins í þeirri framleiðslu. Slíkar fjárfestingar eru mikilvægar til að tryggja góða nýtingu hráefnis og auka verðmætasköpun úr sjávarafla.

Í bolfiskhlutanum gekk reksturinn einnig vel og munaði þar miklu frá fyrra ári að starfsemin í Grindavík var án teljandi raskana. Samstæðan hefur á undanförnum árum lagt mikla áherslu á að styrkja vinnslu- og útgerðarhlutann, bæði með fjárfestingum og skipulagsbreytingum sem miða að því að tryggja samkeppnishæfni til lengri tíma.

Heilsa og öryggi starfsfólks eru ávallt í forgrunni hjá Síldarvinnslunni. Starfsemi fyrirtækisins er bæði til sjós og lands og því er mikilvægt að öryggismál séu stöðugt í endurskoðun og þróun. Við leggjum mikla áherslu á fræðslu, forvarnir og öfluga öryggismenningu til að tryggja að starfsfólk okkar geti sinnt störfum sínum við eins öruggar aðstæður og kostur er.

Síldarvinnslan er einn af stærstu atvinnurekendum á Austurlandi og starfsemi fyrirtækisins hefur veruleg áhrif á þau samfélög sem hún starfar í. Við leggjum áherslu á að vera traustur samstarfsaðili í þeim samfélögum sem byggja afkomu sína að verulegu leyti á sjávarútvegi og að starfsemin stuðli að stöðugleika og verðmætasköpun til lengri tíma. Því miður felur það samt einnig í sér að stundum þarf að taka erfiðar ákvarðanir til að tryggja rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni til lengri tíma. Á árinu þurfti að taka slíkar ákvarðanir þegar fiskmjölsverksmiðjunni á Seyðisfirði var lokað og hagrætt var í útgerðinni. Fyrirtækið vinnur að mótvægisaðgerðum til þess að milda höggið fyrir svæðið.

Orkumál hafa ætíð verið í forgangi hjá Síldarvinnslunni, bæði að auka notkun á umhverfisvænni orku og bæta orkunýtni svo sem kostur er. Forsenda orkuumskipta í starfsemi okkar yfir í umhverfisvænni og sjálfbærari orkugjafa er gott og stöðugt aðgengi að raforku á samkeppnishæfu verði. Þar gegna stjórnvöld lykilhlutverki. Án þess verður fyrirtækjum eins og Síldarvinnslunni þröngur stakkur sniðinn til að draga frekar úr kolefnisspori sínu og nýta þá möguleika sem felast í aukinni raforkuvæðingu starfseminnar. Sem dæmi má nefna að olíunotkun í vinnslu á miðlungsstórri loðnuvertíð, ef ekki er aðgengi að raforku, getur jafngilt útblæstri upp undir 30 þúsund jarðefnaeldsneytisbifreiða. Samfélagslegur ávinningur af góðu aðgengi sjávarútvegsfyrirtækja að umhverfisvænni raforku er því óumdeildur.

Sjávarútvegurinn er ávallt háður náttúrulegum sveiflum í fiskistofnum og markaðsaðstæðum hverju sinni. Síldarvinnslan mun áfram leggja áherslu á ábyrga nýtingu auðlindarinnar, öflugan rekstur og áframhaldandi þróun í starfsemi fyrirtækisins til að tryggja verðmæta-sköpun til framtíðar fyrir hluthafa, starfsfólk og samfélagið í heild.

Útgáfa samfélagsskýrslunnar er mikilvægur liður í að rýna starfsemina frá mörgum sjónarhornum. Í skýrslunni má meðal annars finna greinargóða umfjöllun um umhverfis- og samfélagsmál og sagt frá því hversu mikil margföldunaráhrifin eru af starfseminni.

19. mars 2026.



Gunnþór B. Ingvason, forstjóri.



Um skýrsluna

Samfélagsskýrsla Síldarvinnslunnar hf. (hér eftir vísað til fyrirtækisins sem Síldarvinnslan, félagið eða SVN) er nú gefin út í sjöunda sinn. Líkt og áður er meginumfjöllunarefni skýrslunnar ýmsir ófjárhagslegir þættir í starfsemi félagsins. Skýrslan fjallar um starfsemi Síldarvinnslunnar og íslenskra dótturfélaga árið 2025 og eru allar tölur og mælikvarðar sett fram samkvæmt bestu vitund. Markmiðið með skýrslunni er að stuðla að auknu gagnsæi og bættum vinnubrögðum í rekstrinum. Kaflaskipting og skipulag skýrslunnar tekur mið af leiðbeiningum frá Nasdaq Ísland kauphöllinni um svonefnda ESG þætti. Í fyrsta kafla er fjallað um stjórnskipulag Síldarvinnslunnar, í öðrum kafla um samfélagsþætti og í þriðja kafla er fjallað um umhverfispætti.

Við gerð skýrslunnar er einnig horft til þeirra áhersluatriða sem felast í sjálfbærnistefnu SFS en Síldarvinnslan er þátttakandi í þeirri stefnu ásamt fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum. Framsetning skýrslu þessa árs er með áþekktum hætti. Hafist var handa við undirbúning og aðlögun fyrir væntanlegar laga-kröfur vegna breytinga á sjálfbærnikröfum í Evrópu hjá Síldarvinnslunni árið 2025. Hinn 26. febrúar 2026 samþykkti Evrópusambandið hins vegar svokallaðan Omnibus-pakka sem tók gildi 18. mars 2026, en hann þrengir verulega gildissvið tilskipana um sjálfbærniskýrslugerð fyrirtækja (CSRD) og áreiðanleikakannanir í virðiskeðjum (CSDDD).





Markmið breytinganna er að draga úr skýrslubyrði fyrirtækja en áætlað er að umfang skýrslugerðar minnki um allt að 80%. Samkvæmt nýju reglunum falla einungis stærstu fyrirtæki undir gildissviðið, það eru fyrirtæki með meira en 1.000 starfsmenn og yfir 450 milljónir evra í ársveltu. Miðað við stærð og umfang starfsemi Síldarvinnslunnar fellur félagið því utan gildissviðs þessara reglna. Ísland hafði ekki enn innleitt upphaflegu sjálfbærnireglurnar og því er enn óvíst hvort og þá hvernig nógildandi kröfum um ófjárhagslega upplýsingagjöf verður breytt hér á landi. Vegna þessa var ákveðið að framsetning skýrslu ársins yrði með áþekktum hætti og fyrri skýrslur félagsins. Starfsfólk og stjórnendur munu áfram fylgjast grannnt með þróun mála í Evrópu og á Íslandi á þessu sviði. Skýrslan og gögn hennar hafa ekki verið rýnd af þriðja aðila en stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt útgáfu samfélagsskýrslunnar 2025. Forstjóri félagsins veitir frekari upplýsingar um gerð hennar.

Tvöföld mikilvægisgreining – niðurstöður

Umhverfispættir

- 1

Aðlögun að loftlagsbreytingum
- 2

Mildun loftslagsbreytinga
- 3

Orka
- 4

Mengun lofta
- 5

Veiðiaðferðir, vinnsluaðferðir og/eða notkun á sjávarauðlindum
- 6

Áhrif á tegundir

Félagslegir þættir

- 1

Örugg atvinna
- 2

Jafnvægi vinnu og einkalífs
- 3

Heilsa og öryggi
- 4

Jafnrétti kynja og fjölbreytileiki
- 5

Þjálfun og færniþróun
- 6

Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi samfélaga

Stjórnarhættir


- 1

Fyrirtækjamenning
- 2

Pólitísk þátttaka og hagsmunagæsla
- 3

Umsjón með birgjatengslum

Greiningin var framkvæmd fyrir árið 2024 og verður aftur uppfærð fyrir árið 2027.



Áfangar ársins 2025

Stuðningur við íþrótt- og samfélagsstarf

Síldarvinnslan studdi á árinu áfram við íþrótt- og samfélagsstarf á Austurlandi. Meðal annars fékk íþróttafélagið Þróttur í Neskaupstað myndarlegan styrk fyrir starfsemi sína. Síldarvinnslan styrkti einnig önnur fjölbreytt verkefni sem hafa mikla þýðingu fyrir öflugt félagslíf í heimabyggð. Slík verkefni eru mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins.



Heimsmeistarar „Fish and Chips“ í heimsókn á sjómannadaginn

Í febrúar fór fram verðlaunahátíð meðal „Fish and Chips“ staða í Bretlandi þar sem veitingastaðir sem þóttu skara fram úr voru verðlaunaðir með ferð til Íslands. Fulltrúar Síldarvinnslunnar tóku vel á móti hópnum og buðu honum meðal annars í hópsiglingu á frystitogaranum Blængi NK. Svo skemmtilega vill til að sigurvegari keppninnar, Graeme William Burrell, eigandi Yarm Road Fish and Chips, notar einmitt mikið fisk frá frystitogaranum Blængi NK.



Öflug vinnsla í fiskiðjuveri í Neskaupstað

Makrílvertíðin 2025 gekk vel og fiskiðjuverið í Neskaupstað tók á móti makríl á vertíðinni. Hráefnið var unnið á fjölbreyttan hátt, meðal annars heilfryst, hausað og flakað. Vinnslan skapar mikil verðmæti í útflutningi og tryggir stöðuga atvinnu í heimabyggð. Áhersla er jafnframt lögð á að nýta hráefnið sem best, hámarka virði þess og lágmarka sóun í vinnslu.



Áfangar ársins 2025

Stöðug starfsemi í Grindavík á ný

Vinnslustöðvar samstæðunnar í Grindavík unnu yfir 16.700 tonn af bolfiski á árinu. Þar er bæði rekið frystihús og salthús og gegnir starfsemin mikilvægu hlutverki í verðmætasköpun samstæðunnar og skiptir samfélagið í Grindavík miklu máli. Það má því segja að starfsemin í Grindavík sé komin í samt horf eftir erfiðleikana sem fylgdu eldsumbrotunum á Reykjanesi.



Viðhald og endurbætur á skipum flotans

Á árinu fóru skip samstæðunnar í reglubundið viðhald og endurbætur. Til dæmis fór frystitogarinn Blængur NK í umfangsmikið viðhald í slipp þar sem unnið var að ýmsum tæknilegum endurbótum. Slík verkefni stuðla að auknu öryggi, betri vinnuaðstöðu áhafna og bættum afköstum skipanna.



Samstarf um fræðslu og símenntun starfsfólks

Síldarvinnslan vann með Austurbrú að fræðsluverkefnum sem miða að því að efla símenntun starfsfólks og auka þekkingu á tæknilegum og faglegum þáttum starfseminnar. Með slíku samstarfi er lögð áhersla á að styrkja faglega hæfni starfsfólks og skapa tækifæri til stöðugar þróunar í starfi.



Síldarvinnslan og stjórnarhættir



Leiðarljós

Félagið hefur að leiðarljósi að hámarka verðmæti með sem minnstum umhverfisáhrifum. Áhersla er lögð á aðgerðir sem minnka kolefnisspor og valda sem minnstum skaða á umhverfi, s.s. með nýtingu hagkvæmra skipa og útskiptingu á mengandi orkumiðlum fyrir endurnýjanlega orkugjafa þar sem því verður við komið. Síldarvinnslan starfar eftir lögum og reglum sem lúta að rekstri fiskiskipa, nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar og matvælaframleiðslu, auk þess sem framleiðsla félagsins er vottuð af alþjóðlegum vottunaraðilum.

Starfsemi Síldarvinnslunnar lýtur jafnframt opinberu eftirliti ýmissa stofnana. Innan Síldarvinnslunnar er þess gætt að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur með skilvirkum verkferlum og góðu samstarfi við eftirlitsaðila. Félagið leggur áherslu á að vera virkur þátttakandi í uppbyggingu þeirra samfélaga sem félagið starfar í og er tenging þess við nærsamfélögin mikilvæg. Í gegnum tíðina hefur félagið notið þeirrar gæfu að hafa öflugt og metnaðarfullt starfsfólk við störf. Starfsfólkið hefur verið undirstaðan að traustum rekstri félagsins allt frá stofnun þess og mun verða það áfram.





Hver erum við?

Síldarvinnslan er alhliða sjávarútvegsfyrirtæki með umfangsmikla starfsemi á Íslandi. Um er að ræða útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í fremstu röð með fjölbreytta starfsemi og yfirgripsmikla þjónustu. Meginstarfsemi Síldarvinnslunnar og íslenskra dótturfélaga er í Neskaupstað, á Seyðisfirði, í Vestmannaeyjum og í Grindavík en einnig er dótturfélag starfandi á Akureyri.

Síldarvinnslan er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og stærsti framleiðandi uppsjávarafurða á Íslandi. Félagið leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindarinnar, þar sem leitast er við að nota nýjustu tækni sem völ er á til veiða og vinnslu. Samstæða Síldarvinnslunnar samanstendur af móðurfélaginu, Síldarvinnslunni hf., og dótturfélögum þess; Bergi-Hugin ehf., Vísi ehf., og Fóðurverksmiðjunni Laxá hf. Höfuðstöðvar Síldarvinnslunnar eru við Hafnarbraut 6 í Neskaupstað.

Frystihús Vísis í Grindavík

Í frystihúsi Vísis í Grindavík voru unnin 8.100 tonn á árinu 2025. Hráefni til vinnslunnar kom að mestu frá skipum í Síldarvinnslusamstæðunni; línuskipunum Páli Jónssyni GK og Sighvati GK, ísfisktogaranum Jóhönnu Gísladóttur GK, krókaaflamarksbátum Fjölni GK, Vestmannaeyjatogurunum Vestmannaey VE og Bergey VE. Þá var einnig fiskur keyptur á markaði.

Í frystihúsinu starfa um 70 manns og það er að mestu leyti sama fólkið og starfaði þar áður en eldgosahrinan við Grindavík hófst. Náttúruhamfarir höfðu mjög lítil áhrif á starfsemina á árinu 2025.

Frystihúsið er 3.000 fermetrar að stærð og vel búið í alla staði. Afköst þess eru um 42 tonn á dag. Vélbúnaður hússins er allur af fullkomnustu gerð og má telja upp helstu vélar og tæki. Í húsinu eru tveir hráefnisflokkarar, fjögur sett af hausurum, roðrífum og flökunarvélum, ein átján stæða gæðaskoðunarlína, tvær vatnsskurðarvélar frá Marel, einn pökkunarflokkari fyrir ferskan fisk, fimm róbótar sem pakka fiski í frauðkassa, eitt kassakerfi sem sér um að setja ís í kassa og ganga frá þeim, tveir lausfrystar, fjórir flokkarar sem flokka frosinn fisk til pökkunar og fjögur plötutæki.

Fullyrða má að frystihúsið sé í hópi tæknivæddustu frystihúsa landsins en ör þróun í vélbúnaði og tækni hefur átt sér stað í frystiiðnaði undanfarinn áratug.



Saga Síldarvinnslunnar í örfáum orðum

Síldarvinnslan hf. var stofnuð 11. desember 1957. Aðalhluthafi í upphafi var Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) með 60% hlutfjár. SÚN er enn í dag einn af kjölfestuhluthöfum í félaginu.

Félagið var skilgreint sem almenningshlutafélag og tilgangur þess var að reisa og reka síldarverksmiðju, síldarverkun og annan skyldan atvinnurekstur í Neskaupstað.

Hinn 20. desember 1974 féllu tvö snjóflóð innarlega í Neskaupstað. Tólf manns týndu lífi í flóðunum og þar af sjö starfsmenn Síldarvinnslunnar. Flóðin lögðu helstu framleiðslufyrirtæki bæjarbúa í rúst og ollu stórskemmdum á eignum.



1957

- ▶ Síldarvinnslan stofnuð í Neskaupstað
- ▶ Almenningshlutafélag með 35 hluthafa

1965

- ▶ Útgerð hefst
- ▶ Bolfiskvinnsla hefst með kaupum á framleiðslutækjum SÚN

1970

- ▶ Barði, fyrsti skuttogarinn í eigu Íslendinga

1981

- ▶ Hafin útgerð á fjölveiðiskipi
- ▶ Beitir keyptur

1958

- ▶ Móttaka síldar hefst
- ▶ 4.000 tonn fyrsta starfsárið

1968

- ▶ Síldveiðar bregðast
- ▶ Loðnuveiðar hefjast

1974

- ▶ Snjóflóðin í Neskaupstað eyðileggja fiskmjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar
- ▶ Ný verksmiðja reist og tekur til starfa 1976

1989

- ▶ Hafin útgerð á frystitogara

Saga Síldarvinnslunnar í örfáum orðum

Ákveðið var að reisa nýja fiskmjölsverksmiðju við nýtt hafnarsvæði fyrir botni Norðfjarðar. Árið 1975 hófust framkvæmdir við byggingu hennar og 12. febrúar 1976 tók hún á móti fyrstu loðnunni til vinnslu.

Síldarvinnslan og SR-Mjöl voru sameinuð í eitt félag 1. janúar 2003 undir nafni Síldarvinnslunnar og varð þá til stærsta fyrirtæki á Íslandi á sviði veiða og vinnslu á uppsjávarfiski.

Árið 2022 keypti Síldarvinnslan sjávarútvegsfyrirtækið Vísi í Grindavík. Síldarvinnslan er í dag skráð á hlutabréfamarkað og er eitt af öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins enda byggir starfsemin á yfir 65 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð.



1994

- ▶ Síldarvinnslan skráð í Kauphöll

1997–2000

- ▶ Nýtt fiskiðjuver tekið í notkun 1997 og frystigeymslur 2000

2004

- ▶ Síldarvinnslan afskráð úr Kauphöll

2007

- ▶ Upphaf makrílveiða og -vinnslu

2012

- ▶ Síldarvinnslan kaupir Berg-Hugin ehf.

2021

- ▶ Síldarvinnslan skráð í Kauphöll

2024

- ▶ Endurbætt fiskmjölsverksmiðja tekin í notkun

1993

- ▶ Rækjufrystitogarinn Blængur keyptur

2003

- ▶ SR-Mjöl sameinast Síldarvinnslunni

2016

- ▶ Runólfur Hallfreðsson ehf. verður dótturfélag (var hlutdeildarfélag frá 2003)

2022

- ▶ Síldarvinnslan kaupir Vísi ehf.
- ▶ Síldarvinnslan kaupir 34,2% hlut í Arctic Fish Holding A.S.

Stjórnskipulag

Stjórn Síldarvinnslunnar

Stjórnarmenn eru fulltrúar hluthafa félagsins og hafa sem slíkir kappkostað að tryggja vöxt og velferð félagsins.



Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður

Fyrst kjörinn árið 2003. Fæðingardagur, 7. október 1952. Þorsteinn er með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og skipaverkfræðingur frá Norges Tekniske Høgskole. Þorsteinn er stofnandi

og var forstjóri Samherja hf. frá 1983 til 2025. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri Seleyjar ehf., Eignarhaldsfélagsins Súlunnar ehf. og Sæbóls fjárfestingafélags ehf. Þorsteinn situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: Eignarhaldsfélagið Steinn ehf., Seley ehf., 600 Eignarhaldsfélag ehf., Sæból fjárfestingafélag ehf., Samherji fiskeldi ehf., Salmon Garden hf., Bergur-Huginn ehf., Vísir ehf. og Eignarhaldsfélagið Súlan ehf. Þorsteinn var forstjóri Samherja hf. fram á mitt ár 2025, en Samherji hf. á 30,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í árslok 1.000.000 hluti eða 0,05% í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Þorsteinn er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



Guðmundur R. Gíslason, varaformaður

Fyrst kjörinn í stjórn 2016. Fæðingardagur 19. febrúar 1970. Guðmundur er með B.ed. gráðu í kennsluvísindum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað, Olíusamlags

útvegsmanna í Neskaupstað og Múlans samvinnuhúss ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Egilsbúðar í Neskaupstað, mannauðsstjóri ESS á Íslandi og framkvæmdastjóri Sjónaráss ehf. Guðmundur situr jafnframt í stjórnnum eftirtalinna félaga: Hrólfssker ehf., Múlinn samvinnuhús ehf., B.G. Bros ehf., Bergur-Huginn ehf., Vísir ehf., Rekstrarfélagið Molinn, Krabbameinsfélag Austfjarða, Vinir Ingvars, félagasamtök og Bærinn okkar, félagasamtök. Guðmundur er, eins og áður hefur komið fram, framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað sem eiga samtals í árslok 10,87% hlut í félaginu. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Guðmundur er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Stjórnskipulag

Stjórn Síldarvinnslunnar



**Anna Guðmundsdóttir,
meðstjórnandi**

Fyrst kjörin í stjórn árið 2013. Fæðingardagur 13. mars 1967. Anna er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem fjármálastjóri Gjögurs hf. Anna er jafnframt framkvæmdastjóri Þingstaða


ehf. og prókúruhafi í Hrólfskeri ehf. Anna situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: Gjögurs hf., Kjálkaness ehf., Gjögurtáar ehf., StorMar ehf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Lögmannsstofu Jörundar Gaukssonar ehf., Bergs-Hugins ehf., Vísis ehf. og Kallnesings ehf. Anna á 22,54% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 16,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Anna er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háð stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



**Erla Ósk Pétursdóttir,
meðstjórnandi**

Fyrst kjörin í stjórn 2023. Fæðingardagur 8. september 1980. Erla er með B.A. próf í hagfræði og tölvunarfræði frá Macalester College í Bandaríkjunum og MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfar í dag

sem forstöðukona Executive MBA náms við Háskólann í Reykjavík. Áður var hún meðal annars mannauðsstjóri hjá Vísi hf. og síðar framkvæmdastjóri Marine Collagen ehf. Erla Ósk situr jafnframt í stjórnnum Fisktækniskólans, Codland, 55105 ehf., Bergs-Hugins ehf., Vísis ehf. og Útvegsmannafélags Suðurnesja. Erla Ósk á 100% eignarhlut í 55105 ehf. sem á 0,12% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Erla telst óháð stórum hluthöfum félagsins en telst háð félaginu og daglegum stjórnendum samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



**Baldur Már Helgason,
meðstjórnandi**

Fyrst kjörinn í stjórn 2021. Fæðingardagur 6. mars 1976. Baldur er með Cand. sci. próf í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2000, lauk Advanced Management Program (AMP) frá IMD háskólanum í Sviss

2022 og er með löggilt próf í verðbréfiðskiptum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri viðskipta hjá Heimum hf. og er skráður framkvæmdastjóri Smáralindar ehf. og Kvikmyndahallarinnar ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Eyju fjárfestingarfélags á árunum 2017-2019, fjárfestinga- og sjóðsstjóri hjá Auði Capital árin 2009-2016 og fjárfestinga- og lánastjóri hjá Íslandsbanka, m.a. í Bandaríkjunum og Danmörku á árunum 2000-2009. Baldur hefur setið í á þriðja tug stjórna, m.a. hjá Skeljungu, Sýn, Securitas, Já, Íslenska Gámafélaginu og Domino's Íslandi og í Noregi. Baldur situr í stjórnnum S29 ehf., Bergs-Hugins ehf. og Vísis ehf. í dag. Baldur á í lok árs 17.241 hluti í Síldarvinnslunni hf. Baldur telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins. .

Stjórnskipulag

Varamenn í stjórn Síldarvinnslunnar



**Ingí Jóhann Guðmundsson,
varamaður**

Fyrst kjörinn í stjórn 2001. Fæðingardagur 12. janúar 1969. Hann er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf., Kjálkaness ehf. og Gjögurtáar ehf. Ingí situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: K.R.- sports hf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Hrólfskess ehf., Sjóvá-Almenna trygginga hf., Jarðbaðanna ehf., Norðurbaða ehf., Pharmarctica ehf., StorMar ehf., Bergs-Hugins ehf. og Vísis ehf. Ingí á 22,54% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 16,06% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Ingí er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



**Arna Bryndís Baldvins McClure,
varamaður**

Fyrst kjörin í stjórn 2013 og í endurskoðunarnefnd frá árinu 2021. Fæðingardagur 2. júlí 1985. Hún er með ML-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og Executive MBA gráðu frá IESE háskólanum í Barcelona. Hún starfaði hjá LEX lögmennsstofu frá 2010-2013 og sem yfirlögfræðingur Samherja hf. frá 2013-2021. Arna hefur verið í hlutastarfi hjá Síldarvinnslunni frá nóvember 2023. Arna situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Emerald Invest ehf., Sea Thru ehf., Flugskóla Íslands ehf. og Sea Thru sp. z.o.o í Póllandi og er framkvæmdastjóri Sea Thru ehf. Arna á í lok árs 32.100 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf., eða 0,002%. Arna er háð félaginu og daglegum stjórnendum samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Endurskoðunarnefnd Síldarvinnslunar

Guðmundur Kjartansson, formaður
Arna Bryndís Baldvins McClure
Jakob Bjarnason

Stjórnskipulag

Framkvæmdastjórn Síldarvinnslunnar



**Gunnþór B. Ingvason,
forstjóri**

Fæðingardagur 11. nóvember 1968. Gunnþór er iðnaðartæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands. Gunnþór hóf árið 1996 störf hjá SR Mjöli hf. og annaðist þar innkaup á hráefni og gæðamál. Við sameiningu SR Mjöls hf. og Síldarvinnslunnar hf. varð hann aðstoðarmaður forstjóra Síldarvinnslunnar, síðar útgerðarstjóri og hefur verið forstjóri frá 2007. Gunnþór er jafnframt framkvæmdastjóri Fóðurverksmiðjunnar Laxár hf. og Bergs-Hugins ehf. auk þess að vera prókúruhafi hjá Vísi ehf. Gunnþór situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Fóðurverksmiðjunnar Laxár hf., Atlantic Coast Fisheries Corp., Fasteignafélagsins Miðhúss ehf., Fjárfestingarfélagsins Varar ehf., Hraunlóns ehf., Polar Pelagic A.S., Arctic Fish Holding A.S., F.V. Holding LLC., Sjávarmála ehf., MAR Guesthouse ehf. og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Gunnþór á 60% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 0,94% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í lok árs 100.206 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. eða 0,01%.



**Axel Ísaksson,
fjármálastjóri**

Fæðingardagur 22. september 1964. Hann er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Axel hóf störf á fjármálasviði Síldarvinnslunnar hf. á árinu 1992 og varð fjármálastjóri félagsins 2007. Axel er jafnframt skráður framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Varar ehf. Axel situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað svf., Hraunlóns ehf., Fjárfestingarfélagsins Varar ehf. og Atlantic Coast Fisheries. Axel á 20% hlut í Hraunlóni ehf. sem á 0,94% hlut í Síldarvinnslunni hf. Hann á í lok árs 25.000 hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. eða tæp 0,0014%.

Stærstu hluthafar og stjórnskipulag

Tíu stærstu hluthafar í árslok 2025 voru:

Samherji hf.	30,06%
Kjálkanes hf.	16,06%
Gildi – lífeyrissjóður	10,52%
Samvinnufélag útgerðarmanna	10,10%
Eignarhaldsfélagið Snæfugl ehf.	3,46%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	3,27%
Brú, lífeyrissjóðurstarfsmanna sveitarfélaga	2,95%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-deild	2,75%
Stapi lífeyrissjóður	2,59%
Almenni lífeyrissjóðurinn	1,44%

Síldarvinnslan ehf. (eigin bréf)	0,01%
Aðrir hluthafar	16,79%

100%

Í árslok 2025 voru hluthafar í félaginu 2.592 í lok árs en 3.072 í upphafi árs.

Dótturfélög Síldarvinnslnnar

Bergur-Huginn ehf.	(100%)
Vísir ehf.	(100%)
DSFU	(100%)
Pytheas Seafood P.C	(66,7%)
Sjávarmál ehf.	(100%)
Vísir GmbH	(100%)
Fóðurverksmiðjan Laxá ehf.	(67,7%)
Fjárfestingarfélagið Vör ehf.	(60%)

Hlutdeildarfélög samstæðunnar

Atlantic Coast Fisheries Corp	(100%)
SR-Vélaverkstæði ehf.	(37,3%)
Polar Pelagic A.S.	(33%)
G. Skúlason vélaverkstæði ehf.	(25%)
Rauðaping ehf.	(25%)
Miðhús ehf.	(46,7%)
Arctic Fish Holding A.S.	(35,9%)
Cabo Norte 2014 S.A.	(50%)
Haustak ehf.	(50%)



Aðildarfélag Síldarvinnslunnar

Síldarvinnslan er virkur aðili að nokkrum félagasamtökum, m.a. með stjórnarsetu starfsmanna Síldarvinnslunnar. Síldarvinnslan er aðili að Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Félagi uppsjávariðnaðarins, Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda og Útvegsmannafélagi Austfjarða en í öllum þessum félögum sinna starfsmenn Síldarvinnslunnar stjórnarsetu. Jafnframt er Síldarvinnslan aðili að Samtökum atvinnulífsins (SA).

- **Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi:**
Gunnþór Ingvason, formaður SFS
- **Félag uppsjávariðnaðarins:**
Gunnþór Ingvason, stjórnarmaður
- **Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda:**
Hafþór Eiríksson, formaður
- **Útvegsmannafélag Austfjarða:**
Gunnþór Ingvason, stjórnarmaður
- **Samtök atvinnulífsins**



Stjórnarhættir

Meginmarkmið stjórnarháttayfirlýsingar Síldarvinnslunnar hf. er að skýra með gagnsæjum hætti hlutverk og ábyrgð stjórnenda til að auðvelda þeim að rækja störf sín og um leið að treysta hag hluthafa og annarra hagaðila.

Stjórnarhættir félagsins byggja á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, á samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og taka auk þess mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Sjálfbærni er samofin stjórnarháttum Síldarvinnslunnar og birtist m.a. í siðareglum sem stjórn hefur samþykkt og gilda fyrir samstæðu Síldarvinnslunnar. Stjórnarháttayfirlýsingu, samþykktir félagsins, siðareglur Síldarvinnslunnar, starfsreglur stjórnar og starfsreglur endurskoðunarnefndar er að finna á [vefsvæði Síldarvinnslunnar](#).

Áhættustýring og innra eftirlit eru einnig samofin góðum stjórnarháttum. Stjórn og stjórnendur Síldarvinnslunnar leggja ríka áherslu á að byggja upp sterka áhættuvitund með því meðal annars að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestum stefnum, reglum og ferlum sem styðja við rekstur félagsins og dótturfélaga. Sem dæmi má nefna að Síldarvinnslan hefur sett sér og dótturfélögum sínum persónuverndarstefnu og jafnréttisáætlun, margvíslega verklagsferla og -reglur á borð við verklagsreglu um vernd uppljóstrara og meðferð og vinnslu persónuupplýsinga, stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi auk margvíslegra verklagsferla á sviði bókhalds.





Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Hann er í settur fram í bandaríkjadollurum (USD) sem hefur verið starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Frá og með 1. janúar 2026 mun starfrækslugjaldmiðill Síldarvinnslunnar vera evra (EUR). Áætlanagerð og uppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstrarþáttum og er farið reglulega yfir rekstur einstakra deilda með stjórn félagsins.

Æðsta vald Síldarvinnslunnar er í höndum lögmætra hluthafafunda. Samkvæmt samþykktum er stjórn kosin á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórnarkjör er skriflegt ef kosið er um fleiri en kjósa skal. Við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Hluthafafundir eru haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári eða oftar ef þurfa þykir.

Stjórn Síldarvinnslunnar fer með æðsta vald í málefnum Síldarvinnslunnar milli hluthafafunda. Henni ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa eftirlit með daglegum rekstri þess. Stjórnin hefur, ásamt forstjóra, forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið Síldarvinnslunnar. Hún sér um að gæta hagsmuna allra hluthafa og að gæta jafnræðis milli þeirra. Stjórnin hefur eftirfylgni með því að félagið starfi samkvæmt lögum og reglum.

Siðareglur Síldarvinnslunnar

Stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt siðareglur sem gilda um starfsemi samstæðunnar og taka þær til vinnubragða stjórnar, stjórnenda og starfsfólks.

Siðareglurnar eru ítarlegar og eru í sjö liðum. Þar er tæpt á mikilvægum viðfangsefnum á sviði sjálfbærni. Má þar t.d. nefna að í 3. mgr. 1. liðar segir m.a. **um stjórnarhætti**:

„Starfsfólk skal hafa í huga að þau geta verið fulltrúar Síldarvinnslunnar út á við og skulu því forðast að gera nokkuð sem kastað gæti rýrð á orðspor fyrirtækisins. Starfsfólki er óheimilt að misnota aðstöðu sína hjá fyrirtækinu með nokkrum hætti, þ.m.t. að taka við gjöfum eða fríðindum af einhverju tagi nema með samþykki yfirmanns. Starfsfólk skal ávallt gæta hagsmuna Síldarvinnslunnar og leita leiðbeininga ef upp koma einhver vafaatriði í því sambandi.“

Þar segir í öðrum lið **um samspil Síldarvinnslunnar við samfélagið**:

„Síldarvinnslan umgengst þau samfélög þar sem fyrirtækið starfar með virðingu og nærgætni, enda er það burðarstólpi í þeim. Það hvetur starfsfólk til þátttöku í samfélaginu, en ítrekar mikilvægi þess að slík þátttaka hafi hvorki neikvæð áhrif á starf viðkomandi né orðspor fyrirtækisins. Síldarvinnslan styrkir íþrótt- og menningarstarfsemi í nærsamfélaginu með ýmsum hætti og leitast einnig við að versla í heimabyggð þegar hægt er.“



Þá er í þriðja lið fjallað um **viðhorf Síldarvinnslunnar til umhverfismála**:

„Síldarvinnslan leitast við að starfa með eins sjálfbærum og umhverfisvænum hætti og unnt er. Fyrirtækið metur frammistöðu sína í umhverfismálum með markvissum hætti og leitast við að draga stöðugt úr umhverfisáhrifum. Það stundar ábyrgar veiðar og fordæmir brottkast afla.“

Siðareglurnar má sjá á [vefsvæði félagsins](#).



Síldarvinnslan og heimsmarkmiðin

Síldarvinnslan leggur áherslu á samfélagsábyrgð og hefur samþætt lykilþætti starfseminnar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Sem aðili að Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) styður Síldarvinnslan einnig við sameiginlega stefnu samtakanna í samfélagsábyrgð, sem tengist heimsmarkmiðunum. Þau heimsmarkmið sem Síldarvinnslan leggur sérstaka áherslu á í rekstri sínum eru eftirfarandi:



Heilsa og vellíðan

Heilsa og öryggi starfsfólks er forgangsmál Síldarvinnslunnar en áherslur okkar í öryggis- og vinnuverndarmálum tengjast heimsmarkmiði þrjú um heilsu og vellíðan. Markvisst er unnið að því að lágmarka áhættu í starfi og skapa öruggt vinnuumhverfi.

Öryggisstjóri Síldarvinnslunnar hefur umsjón með því að öryggiskröfum sé fylgt í allri starfsemi félagsins og sinnir sömuleiðis öryggisfræðslu. Við stuðlum að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi þar sem einelti, ofbeldi og kynferðisleg áreitni eru með öllu óheimil og ekki umborin. Að auki hefur Síldarvinnslan innleitt ýmsar stefnumótandi aðgerðir, þar á meðal persónuverndarstefnu og verklagsreglur um meðferð uppljóstrana.



Jafnrétti kynjanna

Síldarvinnslan hefur um árabíl lagt áherslu á jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa, í samræmi við heimsmarkmið fimm um jafnrétti kynjanna. Við höfum sett okkur jafnlaunastefnu og vinnum eftir jafnréttisáætlun sem byggir á stefnunni. Síldarvinnslan var fyrst íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja til að hljóta jafnlaunavottun árið 2018. Frá upphafi hefur enginn kynbundinn launamunur mælst hjá fyrirtækinu. Við tryggjum jöfn tækifæri, virðum fjölbreytileika og bönnum mismunun á grundvelli kyns, kynhneigðar eða uppruna. Þá virðum við rétt starfsfólks til félagafrælsis og kjarasamninga.



Nýsköpun og uppbygging

Síldarvinnslan kemur að margvíslegum nýsköpunar- og rannsóknarverkefnum sem tengjast heimsmarkmiði níu um nýsköpun og uppbyggingu. Markmið nýsköpunar- og rannsóknarverkefnanna er meðal annars að auka verðmæti og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þau snúa mörg að því að nýta nýja tækni og ferla, bæta meðferð á hráefni og draga úr sóun. Mörg verkefnanna eru unnin í samvinnu við háskóla og njóta styrkja frá rannsóknasjóðum.



Ábyrg neysla og framleiðsla

Síldarvinnslan framleiðir sjávarafurðir í fremsta gæðaflokki og leitar stöðugt nýrra leiða til að hámarka nýtingu hráefnis. Sérstök áhersla er lögð á að nýta enn betur allt það hráefni sem fellur til í vinnslum félagsins, í samræmi við heimsmarkmið 12.



Aðgerðir í loftslagsmálum

Síldarvinnslan leggur sitt af mörkum í loftslagsmálum með því að nýta hráefnin til fulls og tryggja að ekkert fari til spillis. Auk þess kappkostar félagið við það að nota umhverfisvæna kosti, hvar sem það er í virðiskeðju samstæðunnar. Við viljum ganga vel um umhverfið og hafa sem minnst áhrif á það.



Líf í vatni

Það er hagsmunamál Síldarvinnslunnar sem og sjávarútvegsins í heild að fiskistofnar séu sterkir og veiðar úr stofnun sjálfbærar. Með því er tryggt að sjávarútvegur haldi áfram að vera öflug atvinnugrein með gott orðspor. Virðing fyrir vistkerfi hafsins og lífríki vatna er grundvöllur þess að við getum stundað veiðar til framtíðar, í samræmi við heimsmarkmið 14.

Helstu vottanir

Síldarvinnslan starfar á alþjóðlegum mörkuðum og selur afurðir sínar í gegnum utanaðkomandi sölufyrirtæki og eigin félög á helstu mörkuðum. Afurðir félagsins í uppsjávarfiski eru frosinn uppsjávarfiskur og mjöl og lýsi.

Í bolfski eru afurðir félagsins landfrystar, sjófrystar, saltaðar og þurrkaðar. Frá landvinnslu eru einnig seldar ferskar afurðir og þá er ferskur fiskur frá ísfisktogurum félagsins að hluta til seldur á mörkuðum erlendis og innanlands. Í einstaka tilfellum er afli uppsjávarskipa félagsins seldur ferskur til vinnslu erlendis. Síldarvinnslan framleiðir afurðir sínar eftir viðurkenndum stöðlum sem tryggja eiga sjálfbærni, rekjanleika og heilnæmi afurðanna. Allar starfsstöðvar félagsins eru undir eftirliti Matvælastofnunar (MAST). Félagið er með vottuð gæðastjórnunarkerfi sem styðja við þessi markmið.

Allar þessar vottanir eru teknar út reglulega af þar til bærum aðilum. Vottuð gæðastjórnunarkerfi eru eftirfarandi:

MarinTrust (IFFO Global Standard for Responsible Supply)

MarinTrust er um ábyrga starfshætti framleiðanda í fiskmjöls- og lýsisiðnaði.



MSC (Marine Stewardship Council)

MSC er vottun á ábyrgum og umhvernisvænum fiskveiðum. MSC vottar vistvænar fiskveiðar úr sjálfbærum stofnum.



Iceland Responsible Fisheries

Um er að ræða upprunamerki fyrir íslenskar sjávarafurðir og felur vottunin í sér staðfestingu á sjálfbærri nýtingu fiskistofna og ábyrgri stjórn fiskveiða.



Helstu vottanir

HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points)

Er kerfi sem ætlað er að tryggja matvælaöryggi. Allt frá hráefnisöflun til lokaafurðar.



FEMAS (Feed Material Assurance Scheme)

Nær til allra fóðurefna sem ætluð eru til fóðurgjafar eða til notkunar í fóðurblöndur.



TÚN, vottun um lífræna framleiðslu

Tún býður upp á úttektir og vottanir fyrir sjálfbæra fiskistofna og rekjanleika sjávarafurða.



Naturland, vottun um lífræna framleiðslu

Vottun á náttúruafurðum.



BRCGS (British Retail Consortium Global Food Safety Standard)

Eru samræmdir matvælaöryggisstaðlar sem ná yfir alla aðfangakeðjuna.



FISH (Fairness, Integrity, Safety and Health (Fish) Standard for Crew)

FISH er félagslegur staðall fyrir áhafnir fiskiskipa og báta.



Salthús Vísis í Grindavík

Salthús Vísis í Grindavík er ein fullkomnasta saltfiskvinnsla landsins, með starfsemi í tveimur húsum. Á árinu 2025 voru unnin í þeim um 8.750 tonn. Að Hafnargötu 16, sem er um 2.800 fermetrar að stærð, er vélakosturinn eins og best gerist. Þar eru tvær flatningsvélar, tvær flökunarvélar, fimm hausarar, tvær snyrtílnur, tvær sprautuvélar og tveir niðurleggjarar.

Starfsemin fer einnig fram í húsinu að Hafnargötu 18 sem er 2.400 fermetra hús. Þar fer fram slæging, hausun og flokkun á fersku hráefni ásamt pökkun á Portúgalsfiski. Þar eru slægingarlína, tveir hausarar og tveir flokkarar ásamt búnaði til annarrar þjónustu við frystihúsið og saltfiskvinnsluna.

Við saltfiskvinnsluna starfa um 60 manns. Starfsmannahópurinn er mjög traustur og lítil hreyfing á honum. Sárafáir hurfu til dæmis úr hópnum í kjölfar þess að Grindavík var rýmd vegna náttúruhamfaranna.





Síldarvinnslan og samfélagið





Veiðar og vinnsla

Uppsjávarfiskur

Samstæðan gerir út þrjú uppsjávarskip, Börk NK, Beiti NK og Barða NK. Skipin veiddu 138.114 tonn á árinu 2025. Uppsjávarfiski er nær undantekningarlaust ráðstafað til eigin vinnslu. Í Neskaupstað starfrækir Síldarvinnslan öflugt uppsjávarfrystihús og stórar frystigeymslur. Þar eru loðna, síld og makríll unnin til manneldis og er fiskurinn ýmist heilfrystur, flakaður eða hausskorinn. Tæknistig er hátt og afkastageta frystihússins í heilfrystingu er um 750 tonn á sólarhring.

Árið 2025 tók fiskiðjuverið á mót 56.879 tonnum af hráefni. Þar af nam loðna 3.148 tonnum, makríll 20.815 tonnum og síld 32.566 tonnum. Félagið starfrækir tvær fiskmjölsverksmiðjur, í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Verksmiðjan í Neskaupstað er raforkuvædd að fullu. Verksmiðjan tekur á mót 1 hráefni beint til vinnslu ásamt því að taka á mót afskurði frá fiskiðjuveri félagsins og frystiskipum.

Á árinu 2025 tók verksmiðjan í Neskaupstað á mót 132.354 tonnum, þar af mest af kolmunna eða 105.630 tonnum. Verksmiðjan á Seyðisfirði er raforkuvædd að hluta en þar hefur næstum eingöngu verið unninn kolmunni undanfarin ár. Á árinu 2025 var tekið á mót 7.833 tonni í verksmiðjunni. Þrátt fyrir fjárfestingu í raforkuvæðingu verksmiðjanna hefur reynst erfitt að fá afhenta raforku til þeirra. Í lok árs 2025 var tekin ákvörðun um að leggja niður starfsemi í verksmiðjunni á Seyðisfirði.





Bolfiskur

Samstæðan gerir út fjóra ísfisktogara, Gullver NS, Berg VE, Vestmannaey VE og Jóhönnu Gísladóttir GK, sem veiddu 18.295 tonn af bolfiski árið 2025. Frystitogari samstæðunnar, Blængur NK, veiddi 6.873 tonn á árinu en um borð í honum eru framleiddar sjófrystar afurðir. Tvö línuskip, Páll Jónsson GK og Sighvatur GK, eru hluti af samstæðunni ásamt dagróðrabátum Fjölni GK. Línuskipin veiddu 8.441 tonn á árinu 2025 og Fjölnir 1.493 tonn.

Bolfiskafurðir Síldarvinnslunnar skiptast í sjófrystar afurðir annars vegar og frystar og ferskar afurðir unnar á landi hins vegar. Sjófrystar afurðir, sem framleiddar eru um borð í Blængi, námu 3.997 tonnum á árinu. Í landi eru framleiddar frystar og ferskar afurðir í frystihúsinu í Grindavík. Framleitt var úr 8.084 tonnum af hráefni, mest af þorski eða 4.743 tonn, 3.101 tonni af ýsu og 239 tonnum af ufsa. Í salthúsinu í Grindavík var unnið úr 8.619 tonnum, þar af voru 5.656 tonn af þorski. Óverulegar raskanir urðu á vinnslu í Grindavík vegna eldsumbrota ólíkt því sem var árið 2024.

Mannauður


Síldarvinnslan hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í starfsmannamálum sem miðar að því að skapa vinnuumhverfi sem einkennist af hvatningu, öryggi og góðum samskiptum sem og jöfnum tækifærum.

Markmið félagsins er að bjóða starfsfólki upp á:


- ▶ vinnuumhverfi þar sem stjórnendur og starfsfólk vinna að því í sameiningu að auka sífellt öryggi, velferð og árangur
- ▶ tryggja vinnu og góða afkomu
- ▶ vinnuumhverfi þar sem fólk er hvatt til að gera sitt besta og efla stöðugt þekkingu sína og færni
- ▶ að skapa sveigjanleika og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs eins og frekast er unnt
- ▶ að stuðla að samskiptum sem einkennast af samráði og virðingu
- ▶ að viðhafa jafnrétti til launa og starfsþróunartækifæra

Árið 2025 var starfsmannafjöldi samstæðunnar 586, þar af 467 karlar og 119 konur. Sjávarútvegur hefur gjarnan verið talinn karllæg atvinnugrein og kynjahlutföll endurspeglar enn þann veruleika að meirihluti starfsfólks er karlkyns. Síldarvinnslan leggur áherslu á að höfða til umsækjenda óháð kyni þegar störf losna. Hlutfall erlends starfsfólks hjá samstæðunni var 41,8% og var meirihluti þess frá Póllandi.


Starfsmannafjöldi alls 586




Erlent starfsfólk



Stjórnendur og sérfræðingar



Starfsmenn að frádregnum sjómönnum



Jafnréttismál og jafnlaunavottun

Síldarvinnslan hefur sett áætlun fyrir samstæðuna í jafnréttismálum og leggur áherslu á að fylgja henni eftir. Samstæðan hefur staðist úttekt vottunarfyrirtækja á jafnlaunakerfum sínum og hefur niðurstaðan ætíð verið sú að enginn óútskýrður launamunur er á milli kynjanna.

Persónuvernd

Síldarvinnslan hefur sett sér persónuverndarstefnu og verklagsreglur um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga til að tryggja að friðhelgi einkalífs sé virt og að öll meðferð upplýsinga sé í samræmi við gildandi lög. Félagið safnar ekki óparfa upplýsingum um starfsfólk, viðskiptavinum eða birgja og gerir viðeigandi ráðstafanir til að tryggja örugga meðhöndlun. Á árinu 2025 komu engin brot eða kvartanir fram sem vörðuðu meðhöndlun eða söfnun persónuupplýsinga.

Mannréttindi og kjarasamningar

Síldarvinnslan hefur að leiðarljósi að launagreiðslur og réttindamál starfsfólks séu ávallt í samræmi við gildandi kjarasamninga, lög og reglugerðir. Nær allt starfsfólk er skráð í stéttarfélög. Skip samstæðunnar eru vottuð samkvæmt staðlinum *FISH Standard for Crew*, sem tryggir réttindi áhafnarmeðlima og að starfskjör séu eðlileg og í samræmi við viðeigandi kjarasamninga. Samstæða Síldarvinnslunnar nýtir eingöngu þjónustu undirverktaka sem starfa eftir sambærilegum viðmiðum um réttindi launafólks.

Einelti, kynferðisleg eða kynbundin áreitni og ofbeldi eru undir engum kringumstæðum liðin á vinnustöðum félagsins, hvorki í samskiptum starfsfólks né í samskiptum við verktaka, samstarfsaðila eða viðskiptavinum. Á árinu 2025 barst ein nafnlaus tilkynning um einelti. Brugðist var við tilkynningunni í samræmi við gildandi verklagsreglu samstæðunnar. Félagið hefur einnig sett reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna í samræmi við lög um vernd uppljóstrara. Á árinu 2025 bárust engar tilkynningar frá uppljóstrurum.



Fræðsla og uppbygging mannauðs

Þekking og hæfni starfsfólks er lykilþáttur í árangri félagsins og er því lögð áhersla á markvisst fræðslustarf. Í lok árs 2023 var undirritaður samningur milli Síldarvinnslunnar og Austurbrúar um fræðslu fyrir starfsfólk. Markmið samningsins er að starfsfólk fái fræðslu sem tengist starfssviði sínu og auki þannig færni og þekkingu, sem styður við aukna starfsánægju.

Fjölbreytt og áhugaverð námskeið voru haldin 2025 samkvæmt fræðsluáætlun Síldarvinnslunnar í samvinnu við Austurbrú. Á vorönn 2025 voru haldin 11 námskeið fyrir starfsmenn: Að vera góður starfskraftur (2), Starfslokanámskeið, Sterk teymi, ChatGPT (3) frá A-Ö, Skyndihjálp, Tíðnibreytar/hraðabreytar og Starfsdagur um góðan vinnustað (2). Námskeiðin sóttu alls 180 þátttakendur. Á haustönn 2025 voru haldin 14 námskeið: ChatGPT frá A – Ö, Efnamælingar, HACCP1 (2), HACCP2, Persónuleg fjármál, Power BI námskeið, Skyndihjálp (4), Sterk teymi, Úrbeining lambaskrokka og Virkjum kraftinn í streitunni. Þátttakendur voru alls 209 á haustönn eða samanlagt 389 árið 2025.

Að auki er annars konar fræðsla í boði á fjölbreyttum sviðum, m.a. nýliðafræðsla, öryggisnámskeið, sérhæfð námskeið fyrir tæknifólk og iðnaðarmenn og reglubundin sí- og endurmenntun í öryggismálum sjómanna.

Samgöngusamningur

Á árinu bauðst starfsfólki Síldarvinnslunnar að gera samgöngusamning við félagið og var þetta sjötta árið í röð sem slíkur samningur er í boði. Samningurinn felur í sér að starfsfólk gangi eða hjóli í vinnuna að minnsta kosti fjóra daga í viku og fái styrk frá fyrirtækinu. Markmiðið er annars vegar að stuðla að heilsueflingu og hins vegar að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.





Heilsuefling

Félagið vill stuðla að góðri heilsu starfsfólks og hefur samninga við Sjómanniheilsu og Heilsuvernd um sérhæfða heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf. Hjúkrunarfræðingur og læknir koma reglulega á starfsstöðvar þar sem starfsfólk getur pantað viðtöl, látið fylgjast með blóðþrýstingi, fengið ráðgjöf og lækniþjónustu.

Síldarvinnslan hefur hvatt til og greitt fyrir ristilspeglanir starfsfólks eftir 50 ára aldur. Ljóst er að slík þjónusta hefur þegar bjargað mannlífum og fyrirbyggt alvarleg heilsufarsvandamál og er því afar mikilvæg. Þá greiðir félagið árlega styrki til starfsfólks sem stundar reglulega hreyfingu, t.d. til kaupa á líkamsræktar- eða sundkortum. Einnig hafa verið haldin námskeið í heilsueflingu og í boði lengri námskeið sem styðja við lífsstílsbreytingar.

Öryggismál

Síldarvinnslan leggur mikla áherslu á öryggismál í starfsemi sinni, enda var það eitt af lykilviðfangsefnunum sem greind voru í tvöföldu mikilvægisgreiningunni sem framkvæmd var á árinu 2024. Á meðal fimm mikilvægustu áhersluatriða Síldarvinnslunnar eru annars vegar heilsa og öryggi og hins vegar þjálfun og færniþróun.

Hjá Síldarvinnslunni starfar öryggisstjóri og til viðbótar starfar öryggisnefnd á hverjum vinnustað þar sem öryggisfulltrúi leiðir vinnu nefndarinnar. Yfirmenn hverrar deildar bera ábyrgð á því að öryggisreglum sé fylgt, öryggisatvik séu rannsökuð og gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að fyrirbyggja hættur. Lykilþættir í því að auka öryggi er fræðsla, eftirfylgni stjórnenda og þátttaka starfsfólks í öryggisumbótum. Megináherslur öryggismála eru eftirfarandi:

Frábær árshátíðarferð

Á síðustu árum hefur Síldarvinnslan efnt til árshátíðarferða starfsfólks með þriggja ára millibili eða svo. Haldið hefur verið af landi brott og hafa menn notið samveru og skemmt sér innilega í árshátíðarferðunum. Ferðir sem þessar skipta miklu máli og þjóna meðal annars þeim tilgangi að auka samkennd starfsfólksins sem starfar ýmist í Neskaupstað, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði eða í Grindavík. Með árshátíðarferðunum vill fyrirtækið einnig þakka starfsfólkinu fyrir þann mikla dugnað sem það sýnir í daglegum störfum sínum.

Á árinu 2025 var efnt til árshátíðarferðar til Sopot í Póllandi og voru þátttakendur í ferðinni rúmlega 700 talsins, starfsmenn og makar þeirra. Flogið var frá Keflavík og Egilsstöðum dagana 30. og 31 október til Gdansk og þaðan var haldið til nágrannabæjarins Sopot. Í Sopot var dvalið á fjórum hótelum og þegar allir voru komnir á áfangastað var efnt til glæsilegs gleðskapar á föstudagskvöldi þar sem var dansað, spjallað og hlegið. Árshátíðin sjálf var hins vegar á laugardagskvöldinu og var hún haldin í mikilli sýningarhöll sem rúmaði mannfjöldann með ágætum. Árshátíðin hófst með fordrykk og heillandi tónlist en síðan hófst borðhald með dýrindis máltíð og skemmtiatriðum þar sem tónlist var ríkjandi. Að borðhaldinu loknu hófst síðan dansleikur sem stóð langt fram eftir nóttu. Öll umgjörð á árshátíðinni var einkar glæsileg og ekkert fór á milli mála að vandað hafði verið mjög til verka hvað varðaði allan undirbúning.

Það voru sælir og glaðir ferðalangar sem skiluðu sér heim til Íslands dagana 3. og 4. nóvember. Í sannleika sagt gekk allt eins og í sögu í ferðinni og höfðu margir að orði að þegar gætti tilhlökkunar þegar hugsað væri til næstu ferðar.



Áhættustýring

Gerðar eru áhættugreiningar og forvarnaáætlanir til að lágmarka hættur. Öryggisráðstafanir eru hannaðar til að draga úr áhættu og vernda starfsfólk sem starfar á starfsstöðvum Síldarvinnslunnar.

Þjálfun og fræðsla

Lögð er áhersla á að öryggismenning sé hluti af daglegum störfum. Allt starfsfólk, verktakar og samstarfsaðilar deila ábyrgðinni á því að viðhalda öruggum vinnustað.

Heilsa og vellíðan

Lögð er rík áhersla á heilsu og vellíðan starfsfólks. Við líðum ekki einelti, áreitni, andlegt eða líkamlegt ofbeldi. Síldarvinnslan vill stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs, bjóða upp á heilsueflandi aðgerðir og styðja við andlega og líkamlega heilsu starfsfólks.

Eftirlit og stöðugar úrbætur

Fylgst er reglulega með framkvæmd verkefna og tryggt að viðeigandi forvarnir séu til staðar. Leitað er leiða til að bæta vinnuferli og auka öryggi í verkefnum. Tilgangurinn er að stuðla að því að hægt sé að læra af fyrri reynslu, vinna eftir ábendingum og tryggja áfram öryggi starfseminnar til framtíðar.

Síldarvinnslan telur þessar áherslur þegar hafa skilað árangri í bættri öryggisvitund, þó alltaf megi gera betur.

Alls voru 27 fjarveruslys til sjós og lands hjá Síldarvinnslunni árið 2025. 11 slysanna voru á sjó og 16 í landvinnslu. Talsverð fækkun varð á fjarveruslysum milli ára en þau voru 40 árið 2024. Ánægjulegt er að sjá samdrátt í fjarveruslysum milli ára. Áherslan í öryggismálum er á fyrirbyggjandi aðgerðir, greiningu allra óhappa og slysa, svo og áframhaldandi innleiðing á öryggiskerfi Öldunnar á skipum samstæðunnar. Síldarvinnslan hefur einnig lagt áherslu á öryggismál við verktaka sem unnið er með. Sérstakar kröfur eru settar fram í öllum nýjum samningum við verktaka um öryggismál og ábyrgð.



Fiskiðjuverið í Neskaupstað

Fiskiðjuver Síldarvinnslunnar er á hafnarsvæðinu í Neskaupstað. Í verinu er unninn uppsjávarfiskur og er það á meðal fullkomnustu uppsjávarvinnsla landsins. Fiskiðjuverið er reyndar sú uppsjávarvinnsla sem framleiðir mest á landinu enda er ávallt kappkostað að nýta þann nýjasta og besta vélbúnað sem völ er á. Í verinu eru flokkarar, hausarar, flökunarvélar, pökkunarvélar, frystar og margvíslegur annar búnaður.

Á vertíðum er unnið allan sólarhringinn í fiskiðjuverinu á tólf tíma vöktum og eru frá 17–27 starfsmenn á hvorri vakt sem starfa beint við framleiðsluna. Að auki starfa í verinu iðnaðarmenn og stjórnendur þannig að ekki er óalgengt að um 30 manns séu þar að störfum þegar framleitt er.

Starfsemin í fiskiðjuverinu er vertíðarbundin. Á árinu 2025 voru einungis 2.980 tonn af loðnu unnin í verinu en sáralítið var þá veitt af loðnu. Það ár voru unnin 15.790 tonn af makríl og 17.630 tonn af síld. Þá var einnig frystur kolmunni og spærlingur í tilraunaskyni. Framleiðsla versins fer víða en fyrst og fremst til Austur-Evrópu og Asíu en einnig til Afríku og Ameríku í nokkrum mæli.

Vinnsluhúsnæði fiskiðjuversins er um 8.600 fermetrar að stærð en síðan eru stærstu frystigeymslur landsins tengdar því og eru þær um 10.500 fermetrar. Hinar frystu afurðir eru ýmist fluttar á brott með frystiskipum eða í frystigámum.



Samfélagsspor samstæðunnar

Verðmætasköpun félagsins hefur víðtæk samfélags- og efnahagsleg áhrif. Samfélagssporið gefur heildstæða mynd af öllum opinberum gjöldum og sköttum sem greiddir eru til hins opinbera vegna starfsemi félagsins. Síldarvinnslan greiddi 6,5 milljarða kr. í skatta og gjöld. Félagið innheimti 3,2 milljarða kr. á árinu af starfsfólki fyrir ríkissjóð. Samtals var því samfélagsspor starfseminnar 9,7 milljarðar kr.

Samfélagsspor 2023–2025

Í milljónum króna

Heiti	Flokkur	2025	2024	2023
Tekjuskattur	Greiddir skattar og gjöld	1.571	2.479	1.863
Kolefnisgjald	Greiddir skattar og gjöld	371	309	315
Veiðigjald	Greiddir skattar og gjöld	1.816	1.277	1.411
Gjöld til hafnarsjóða	Greiddir skattar og gjöld	417	374	446
Tryggingagjald	Greiddir skattar og gjöld	786	725	823
Mótframlag í lífeyrissjóð	Greiddir skattar og gjöld	1.300	1.199	1.240
Önnur gjöld	Greiddir skattar og gjöld	243	144	205
Samtals	Greiddir skattar og gjöld	6.504	6.507	6.303
Staðgreiðsla	Innheimtir skattar	3.219	2.942	3.516
Samtals	Heild	9.723	9.449	9.819



Samfélagsverkefni

Síldarvinnslan styrkti margvísleg samfélagsverkefni myndarlega á árinu 2025, líkt og fyrri ár. Mikil áhersla er lögð á að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins með veitingu styrkja til góðra málefna og ýmissa samtaka. Þetta hefur verið gert með beinum styrkjum, gjöfum eða kaupum á auglýsingum. Í þessu sambandi má helst nefna styrki til björgunarsveita á starfssvæðum félagsins og Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað en sjúkrahúsið hefur verið styrkt til tækjakaupa og hefur það aukið þjónustu og öryggi íbúa í Neskaupstað og á nærliggjandi svæðum.

Síldarvinnslan hefur einnig styrkt starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands með kaupum á tækjum sem nýtast í kennslu. Í gegnum tíðina hefur tengingin við nærumhverfið verið mikill styrkur fyrir Síldarvinnsluna. Æskulýðsstarf er styrkt árlega og einnig stakir viðburðir. Íþróttafélög á öllum starfssvæðum félagsins eru styrkt á hverju ári og fer oftar en ekki mesta fjárframlagið til þess málaflokks. Veittir styrkir á árinu námu 83,5 milljónum kr., þar af fóru 52,6 milljónir til íþróttatengdrar starfsemi.

Samfélagsstyrkir Síldarvinnslunnar 2025

Styrkir eftir einstökum flokkum	m.kr.
Íþróttir	52,6
Menningarmál	8,0
Heilbrigðistengd málefni	5,9
Björgunarsveit	5,4
Annað	5,2
Stjórnmal	3,0
Menntun	2,9
Félagasamtök	0,5
Samtals	83,5






Síldarvinnslan og umhverfið



Síldarvinnslan líkt og önnur sjávarútvegsfyrirtæki byggir rekstur sinn á veiðum villtra fiskistofa. Skilyrði í hafinu og umhverfi hafsins á borð við hitastig hefur áhrif á göngumynstur og stofnstærð þeirra fiskistofna sem Síldarvinnslan nýtir. Það er því grundvallaratriði að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi og fiskveiðar séu stundaðar á ábyrgan hátt. Fyrirtækið hefur því lagt áherslu á umhverfisvænar lausnir, áhættugreiningu og markvissa stefnumótun til að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Veiði- og vinnsluaðferðir og nýting sjávarauðlinda auk orkumála eru meðal mikilvægustu viðfangsefna sem snerta sjálfbærni í starfsemi Síldarvinnslunnar.

Kolefnisspor Síldarvinnslunnar

Tonn kolefnisígildi



Olíunotkun og rafmagnsvæðing verksmiðja

Þegar starfsemi Síldarvinnslunnar er skoðuð og umhverfisáhrif greind er ljóst að stærsti einstaki umhverfisþáttur starfseminnar er eldsneytisnotkun fiskiskipa. Einnig er rekstur fiskmjölsverksmiðja mjög orkufrekur og fjárfesti félagið í búnaði til fullrar rafvæðingar í Neskaupstað árið 2013. Seyðisfjörður var síðar rafvæddur að hluta. Á árunum sem fylgdu voru verksmiðjurnar nær eingöngu keyrðar á rafmagni og var orka sem fór í rekstur verksmiðjurnar í Neskaupstað um 99% frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Frá árinu 2022 hefur orðið mikil afturför í þessum efnum af ástæðum sem Síldarvinnslan hefur litla stjórn á en hefur leitt til þess að brennsla á olíu við keyrslu á verksmiðjunum hefur stórauðist aftur. Á árinu 2025 var minni olíunotkun en árið á undan þótt afhending raforku væri verulega

skert fyrri hluta árs, sem er á þeim tíma sem mest af kolmunnavinnslu fer fram. Á liðnu ári notuðu fiskmjölsverksmiðjurnar um 4,1 milljónir lítra af olíu á móti 9,0 milljónum lítra árið áður. Fyrir liggur að ef nægt framboð hefði verið á endurnýjanlegri orku hefði verið hægt að nota um 3,8 milljónum lítra minna af olíu á síðasta ári.

Síldarvinnslan fylgist vel með orkunotkun skipaflotans og er reynt að lágmarka olíunotkun eins og mögulegt er. Það breytir því ekki að göngumynstur einstakra stofna, aflabrögð og ekki síst veðurfar hafa mikil áhrif á hversu langt þarf að sækja á miðin hverju sinni. Sérstaklega hafa þessar ytri aðstæður mikil áhrif á veiðar úr deilistofnum, líkt og uppsjávartegundunum makríl, kolmunna, síld og loðnu.



Fiskimjölsværksmiðjan í Neskaupstað

Fiskimjölsværksmiðja Síldarvinnslunnar í Neskaupstað er eina fiskimjölsværksmiðjan sem Síldarvinnslan starfrækir en framleiðslu í fiskimjölsværksmiðju fyrirtækisins á Seyðisfirði var hætt sl. haust. Fiskimjölsværksmiðjan í Neskaupstað er í raun tvær værksmiðjueiningar sem í daglegu tali eru nefndar stóra værksmiðjan og litla værksmiðjan.

Stóra værksmiðjan er hefðbundin fiskimjölsværksmiðja og eru sólarhringsafköst hennar 1.600 tonn. Miklar umbætur hafa verið gerðar á værksmiðjunni á síðustu árum og er stefnt að 2.000 tonna afköstum þegar öllum umbótaverkefnum verður lokið. Litla værksmiðjan var tekin í notkun síðla árs 2022 og er þar um að ræða svonefnda próteinværksmiðju með tveimur framleiðslulínunum. Afkastageta litlu værksmiðjunnar er 380 tonn á sólarhring. Tilgangurinn með að byggja litlu værksmiðjuna við hlið hinnar stóru er margþættur. Í fyrsta lagi hentar hún vel til að vinna afskurð og það sem flokkast frá við manneldisvinnslu. Í öðru lagi skapar hún mikla möguleika á sviði orkugagræðingar. Í þriðja lagi er hentugt að nota hana til ýmissa þróunarverkefna og loks verður unnt að keyra litlu værksmiðjuna og stóru værksmiðjuna á sittthvoru hráefninu. Hér skal tekið

fram að fiskimjölsværksmiðjan í Neskaupstað er eina værksmiðjan á landinu sem hefur heimild til að framleiða lýsi til manneldis.

Að undanfögnu hefur mikið verið fjárfest í værksmiðjunni í búnaði með það í huga að nýta raforku til framleiðslunnar. Því miður hefur framboð á raforku oft skort og því hefur þurft að notast við olíu sem orkugjafa.

Í fiskimjölsværksmiðjunni starfa 26 manns. Við vinnslu hráefnis er unnið á tólf tíma vöktum og eru vakthóparnir þrír talsins. Fjórir til fimm starfsmenn sjá um að keyra værksmiðjuna þegar vinnsla fer fram en auk þeirra starfa í henni stjórnendur og iðnaðarmenn auk starfsmanna við löndun og í mjölhúsi.

Á árinu 2025 tók værksmiðjan í Neskaupstað á móti rúmlega 132.500 tonnum af hráefni til vinnslu. Um var að ræða 105.500 tonn af kolmuna, 7.900 tonn af makríl, 8.900 tonn af norsk- íslenskri síld, 9.300 tonn af íslenskri sumargotssíld og 79 tonn af loðnu. Tekið skal fram að makríllinn, síldin, og loðnan fer til manneldisvinnslu en fiskimjölsværksmiðjan vinnur úr afskurði og framleiðir mjöl og lýsi úr honum.



Kolefnisspor

Losun hjá Síldarvinnslunni á árinu af völdum kælimiðla var 491 tonn af kolefnisígildum.

Félagið notar lítið af HFC kælimiðlum og því er losun frá þessum þætti lítil í samanburði við heildarlosun í starfseminni. Greint kolefnisspor af starfsemi Síldarvinnslunnar var 65.152 tonn af CO₂-ígildum árið 2025. Árið 2024 var greint kolefnisspor Síldarvinnslunnar 78.313 tonn af kolefnisígildum, svo samdráttur milli ára nemur því 13.161 tonnum eða tæplega 17% á milli ára. Samdrátturinn skýrist fyrst og fremst á því að olíunotkun fiskmjölsverksmiðja var talsvert minni en árið áður. Losun fiskmjölsverksmiðjanna var um 11.200 tonn af kolefnisígildum. Eins og áður segir er það fyrst og fremst vegna skorts á aðgengi að raforku. Þegar tölur skipanna eru skoðaðar má sjá að losun hjá þeim eykst um 309 tonn

af kolefnisígildum. Má í raun segja að hún standi í stað, enda jókst heildarafli skipa samstæðunnar um tæplega 1.500 tonn milli ára. Lögð er áhersla á hagkvæma keyrslu skipa við veiðar og reynt að lágmarka þannig eldsneytisnotkun á hvert veitt tonn. Í dag eru ekki til raunhæfar tæknilausnir á markaði sem gerir það mögulegt að fjárfesta í skipum sem nota hreina orkugjafa. Því verður að horfa frekar til aðgerða sem lágmarka orkunotkun við keyrslu skipa. Börkur NK, sem er nýjasta uppsjávarskip Síldarvinnslunnar, kemur mjög vel út í samanburði við önnur uppsjávarskip þegar horft er til orkunotkunar.





Fiskveiðar

Til að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna þarf að umgangast fiskveiðiauðlindina af ábyrgð og virðingu. Áhersla hefur verið lögð á að stýra veiðum með það að markmiði að hámarka verðmæti afla frekar en að hámarka veitt magn. Samstæðan gerði út ellefu fiskiskip árið 2025: uppsjávarskipin Börk NK, Beiti NK og Barða NK, frystitogarann Blæng NK, ísfisktogarana Gullver NS, Vestmannaey VE og Jóhönnu Gísladóttur GK. Þá gerir samstæðan út línuskipin Pál Jónsson GK og Sighvat GK og dagróðrabátinn Fjölmi GK. Veiði skipa samstæðunnar jókst um 1.312 tonn milli ára.

Heildareldsneytisnotkun fiskiskipaflotans var 19,3 milljón lítrar af olíu samanborið við 19,2 milljón lítra árið áður. Olíunotkun er því sambærileg og árið 2024. Skip félagsins losuðu 52.503 tonn af CO₂-ígildum árið 2025. Mest var losun hjá uppsjávarskipum en hún nam 27.868 tonnum af kolefnisígildum sem er aukning um 1.605 tonn af kolefnisígildum. Afli skipanna eykst lítillega milli ára. Losun á veitt tonn er því 0,20 CO₂ ígildi en

var 0,194 árið áður. Aflasamsetningin á síðasta ári er áþekk því sem var árið 2024. Einungis voru veidd um 1.300 tonn af loðnu árið 2025 en þær veiðar eru oft hagkvæmari þar sem hringnót er notuð og sigling á miðin oft stutt. Kolmunni vegur talsvert meira í heildaraflanum en það er oft langt á kolmunnamiðin.

Losun ísfisktogara jókst um 599 tonn af kolefnisígildum milli ára en veiði dróst saman um 229 tonn. Þegar losun skipanna er skoðuð sem hlutfall af veiddu tonni þá hækkar hún og fer úr 0,68 í 0,71 CO₂-ígildi á veitt tonn. Losun á frystitogaranum Blængi dróst saman milli ára og skýrist það á því að skipið fór færri veiðiferðir vegna viðhalds. Losun á veitt tonn lækkaði úr 1,19 CO₂-ígildi í 1,14 CO₂-ígildi. Línuskip félagsins losuðu 3.650 tonn af kolefnisígildum eða 0,36 CO₂-ígildi á hvert veitt tonn en það var 0,35 CO₂-ígildi árið áður. Heildarafli allra skipa Síldarvinnslunnar var um 173 þúsund tonn á árinu, þar af var afli uppsjávarskipa 138 þúsund tonn.

Starfsstöðvar í landi

Mikilvægasta aðgerðin sem Síldarvinnslan hefur ráðist í til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í landvinnslu á síðustu árum er rafvæðing í fiskmjölsverksmiðjum. Í dag er mögulegt að keyra verksmiðjuna í Neskaupstað alfarið á rafmagni og olía er hugsuð eingöngu sem varaafli ef á þarf að halda. Eins og áður segir hefur skortur á aðgengi að endurnýjanlegum orkugjöfum hins vegar sett strik í reikninginn. Á árinu 2025 voru fiskimjölsverksmiðjurnar keyrðar með 41,5% endurnýjanlegum orkugjöfum samanborið við 13,3% árið 2024. Raforkunotkun allra starfsstöðva félagsins var 52.389 megavattstundir á árinu 2025 og jókst um 18.124 megavattstundir. Hráefnismóttaka í verksmiðjunum var 140 þúsund tonn, orkukræfni framleiðslunnar var 75.265 megavattstundir og var notað 0,54 MWh á hvert hráefnistonn.

Í uppsjávarvinnslunni í Neskaupstað var tekið á móti 56.879 tonnum af hráefni og notaðar 7.033 megavattstundir af raforku á árinu. Í fiskvinnslunum í Grindavík var tekið á móti 16.703 tonnum af hráefni á árinu og notaðar 5.593 megavattstundir af raforku við framleiðsluna. Í frystigeymslunni í Neskaupstað voru notaðar 5.856 megavattstundir af raforku á árinu. Í Fóðurverksmiðjunni Laxá voru notaðar 2.938 megavattstundir af raforku. Eldsneytisnotkun bifreiða og annarra tækja á árinu nam 77.574 lítrum.




Sífelld hærra hlutfall af sorpi og úrgangi er flokkað

Skip félagsins koma með allan úrgang flokkaðan til hafnar og er hann meðhöndlaður samkvæmt Marpolreglugerð og heldur hvert skip úti sorpdagbók sem skilað er til hafnaryfirvalda þegar í land er komið. Samkvæmt Marpol reglugerðinni má ekki henda lífrænum úrgangi í hafið nema hann sé kvarnaður. Kvörn er í öllum skipum Síldarvinnslunum.

Í landi hefur verið unnið að bæta skráningu og flokkun úrgangs í samstarfi við þjónustuaðila. Heildarmagn úrgangs árið 2025 var 708.606 kg og þar af voru 527.945 kg flokkuð eða 74,5%. Flokkunarhlutfall hefur aukist hjá félaginu undanfarin ár og skráning verið bætt. Samdráttur var í heildarmagni úrgangs árið 2025 en skýrist það fyrst og fremst að framkvæmdir í kringum fiskimjölsværsmiðjuna í Neskaupstað voru talsvert minni í umfangi. Eins var bolfiskvinnslu félagsins á Seyðisfirði lokað.

Hlutfall flokkaðs úrgangs og sorps



Umhverfisbókhald samstæðunnar

Kolefnisuppgjör	Eining	2025	2024	2023
Umfang 1	tCO ₂ í	64.375	77.652	66.213
Umfang 2	tCO ₂ í	398	260	796
Umfang 3	tCO ₂ í	379	401	572
Kolefnisspor, heild	tCO ₂ í	65.152	78.313	67.580
Aukning/samdráttur í losun milli ára		-17%	16%	-8%
Orkunotkun vegna notkunar jarðefnaeldsneytis	kWh	246.958.333	302.562.758	257.889.265
Raforkunotkun	kWh	52.389.005	34.264.511	104.716.023
Orka frá heitu vatni til húshitunar	kWh	2.758.195	2.238.664	3.000.420
Heildarorkunotkun	kWh	302.105.532	339.065.933	365.605.708
Eldsneytisnotkun bifreiða og tækja	lítr.	77.574	78.336	101.149
Eldsneytisnotkun fiskmjölsverksmiðja	lítr.	4.117.669	9.009.665	4.500.422
Hlutfall endurnýjanlegrar orku	%	18%	11%	29%
Hlutfall jarðefnaeldsneytis	%	82%	89%	71%
Heildarnotkun á neysluvatni	m ³	953.985	936.411	1.061.431
Myndun úrgangs og úrvinnsla				
Flokkaður úrgangur	kg	572.945	635.877	691.269
Óflokkaður úrgangur	kg	180.661	229.094	326.692
Heildarmagn úrgangs	kg	708.606	864.971	1.017.961

Veiði	Eining	2025	2024	2023
Veiði ísfisktogara	tonn	18.295	18.524	17.706
Veiði uppsjávarskipa	tonn	138.114	134.825	195.200
Veiði frystitogara	tonn	6.873	8.058	7.366
Veiði línuskipa	tonn	9.934	10.497	13.794
Heildarveiði	tonn	173.216	171.904	234.066
Eldsneytisnotkun skipaflota				
Eldsneytisnotkun ísfisktogara	lítr.	4.834.812	4.614.600	4.122.192
Orkukræfni (kWh)	kWh	51.732.488	49.376.220	42.628.254
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	264	249	233
Losun GHL ísfisktogara	tCO ₂ í	13.151	12.552	11.212
Losun GHL/veitt tonn (VT)	tCO ₂ í/VT	0,72	0,68	0,63
Eldsneytisnotkun uppsjávarskipa	lítr.	10.245.680	9.655.470	10.278.395
Orkukræfni (kWh)	kWh	109.628.776	103.313.529	108.950.910
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	74	72	53
Losun GHL uppsjávarskipa	tCO ₂ í	27.868	26.263	27.957
Losun GHL/veitt tonn (VT)	tCO ₂ í/VT	0,20	0,19	0,14
Eldsneytisnotkun frystitogara	lítr.	2.880.100	3.552.332	3.288.036
Orkukræfni (kWh)	kWh	30.817.070	38.009.952	32.250.356
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	419	441	454
Losun GHL frystitogara	tCO ₂ í	7.834	9.662	8.943
Losun GHL /veitt tonn (VT)	tCO ₂ í/VT	1,14	1,20	1,21
Eldsneytisnotkun línuskipa	lítr.	1.341.841	1.366.490	1.912.432
Orkukræfni (kWh)	kWh	14.357.699	14.621.443	20.463.025
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	135	130	139
Losun GHL línuskipa	tCO ₂ í	3.650	3.717	5.202
Losun GHL /veitt tonn (VT)	tCO ₂ í/VT	0,37	0,35	0,41
Heildareldsneytisnotkun skipaflotans	lítr.	19.302.433	19.188.892	19.601.055





Síldarvinnslan hf.
Mars 2026